



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2025

SFS25030063

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Funaborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Funaborgar, Funafold 42, 112 Reykjavík og að starfsemin flytjist í Húsaskóla að Dalhúsum 41, 112 Reykjavík. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til loka árs 2026 eða þar til að framkvæmdum að Funafold 42 verður lokið. Þá verði öll starfsemi að nýju að Funafold 42, 112 Reykjavík.

Greinargerð:

Til stendur að endurbyggja Funaborg, stækka og fjölga plássum og er verkið tilbúið í útboð. Áætlað er að verklok verði við lok árs 2026. Starfsemin flytur í Húsaskóla vorið 2025 þar sem hluti grunnskólahúsnæðis var aðlagður að leikskólastarfseminni.



Reykjavík